



**LANDSSAMTÖK  
SKÓGAREIGENDA**

**Skýrsla vegna átaksverkefna skógarbænda í úrvinnslu og  
markaðsmálum skógræktar**



Október 2018

## Inngangur

Skýrsla vegna framlaga úr ríkissjóði til Landssamtaka skógareigenda (LSE), sem ætluð eru til átaksverkefna skógarbænda í úrvinnslu og afurðarmálum. Markmið framlaganna er að auka áframvinnslu hráefnis, vöruþróun, vöruframboð og stuðla að aukinni arðsemi skógræktar.

## Formáli

Landssamtök skógareigenda (LSE) voru stofnuð í júní 1997. Á þeim tímamótum opnuðust augu skógarbænda fyrir því að skógur þeirra yrði einn daginn að mikilvægri auðlind sem myndi skila tekjum og skapa vinnu heima í héraði. LSE eru regnlífasamtök fimm aðildarfélaganna, eitt á hverjum landshluta. Á meðan skógarnir hafa stækkað bæði að hæð og ekki síður umfangi hefur mikið starf áunnist meðal samtakanna. Áherslur hafa færst úr brautryðjendastarfi yfir í viðarmeiri verkefni. Sem fyrr ætla samtökin að halda áfram að vinna í að minna á sig út á við, efla sína félagsmenn inn á við og brýna stjórnvöld fyrir mikilvægi skógræktar, en um þessar mundir eru að byrja koma viðarafurðir úr skógunum. Samtökin hafa starfað í tvo áratugi og hafa verkefnið orðin fjölbreyttari og veigameiri með hverju árinu.

## Staðan í dag

Undanfarin ár hefur Hrönn Guðmundsdóttir gegnt starfi framkvæmdastjóra samtakanna en hún sagði starfi sínu lausu á árinu 2017. Í hennar stað var ráðinn Hlynur Gauti Sigurðsson og hóf hann störf í byrjun árs 2018. Fyrstu vikurnar unnu þau Hrönn og Hlynur mikið saman á fyrrum starfsstöð samtakanna á Selfossi. Verkefni LSE eru fjölbreytt og veitir ekki af verkskipulagi til að komast yfir þau. Þetta var mikilvægt fyrir nýjan framkvæmdastjóra að fá handleiðslu til að byrja með. Hann notaði næstu mánuði og vikur til að koma sér inn í starfið. Í febrúarmánuði var tímabundin skrifstofastaða í Nýsköpunarmiðstöð og í mars bauðst varanleg aðstaða í Bændahöllinni í Reykjavík.

Stjórn LSE hefur haldið sex stjórnarfundum það sem af er ári. Á þeim ræðir stjórnin helstu stefnur og verkefni sem eru á döfinni.

## Verkefni

Verkefni LSE eru af ýmsum toga. Sum geta verið skjót í afgreiðslu á meðan önnur taka lengri tíma og eru gjarnan unnin í nefndum og teymum. Þau síðarnefndu eru sundurliðuð lið fyrir lið hér að neðan.

## Afurðastöðvar

Stefnan er að starfrækt verði afurðastöð í hverjum landshluta til að efla skógrækt sem atvinnugrein. Þetta módel er við haft í löndum í kringum okkar.

Áætlanir um landshlutabundnar afurðastöðvar hafa staðið yfir og er sú vinna er ærin og tímaflek. LSE hefur veitt styrki að hámarki tvær miljónir til þeirra aðilafélaga sem þess óska. Til þessa hafa Félag skógarbænda á Austurlandi (FSA) þegið styrk og nú í ár, Félag skógareigenda á Suðurlandi (FSS). Grunnforsenda afurðastöðvar er að vita hve mikið framboð af hráefni verður í viðkomandi landshluta á næstu árum og áratugum. Ef þær upplýsingar liggja ekki fyrir er óábyrgt að reisa slíka stöð. Til að átta sig á því þyrfti að fara í nákvæma úttekt á því hvaða magn viðar væri í boði fyrir viðarvinnslu á næstu árum.

## Viðarmagnsúttekt

Í fyrra var leitað eftir styrkjum í stóra viðarmagnsúttekt en ekki náði að fjármagna úttektina nema að litlum hluta.

Ætlunin var að vinna í allsherjar viðarmagnsúttekt á landsvísu í samvinnu við Skógræktina en þetta verkefni hefði tekið fjögur ár. Til þessa hafa smærri og staðbundnar úttektir verið gerðar víða um land og nú um stundir er mastersnemi í skógræði að vinna lokaverkefni sem gengur út á viðarmagnsúttekt á Vesturlandi. Sammælt var þó um að grunnforsenda fyrir afurðarstöðugum þyrfti að vera hægt að gera áreiðanlega viðarmagnsspá á landsvísu. Áætlað var að vinnan myndi kosta 40 milljónir. Sótt var eftir styrkjum til að fjármagna verkefnið og voru miklar vonir bundnar við Framleiðnisjóðs þeirri umsókn var hafnað. Sá styrkur hefði verið kjölfesta í verkefninu en þar sem hann fékkst ekki var leitað annarra leiða. Styrkur upp á 1,5 milljón krónur fékkst í verkefnið frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og var sú fjárhæð nýtt í að vinna að undirbúningi að verkefni sem gæti fallið vel að hinu fyrra. Um er að ræða samstarfsverkefni með Skógræktinni og landupplýsingafyrirtækinu Svarmi ehf við að kortleggja skóga með dróna tækni.

## Drónar til skógmælinga

Flygildi, alla jafna nefnt drónar, er tækniundur sem á örfáum árum hefur sannað ágæti sitt við ýmis störf. Fyrirtæki, Svarmi ehf. er í samtarfi við Verkís og sérhæfir sig í þjónustu við flóknari mælingar á t.d. landupplýsingum. Drónar og tæki þeim tengd, eru framtíðin í skógmælingum.

Drónatækni er að ryðja sér til rúms um allan heim og meðal annars í skógargeiranum. Þessi tæki eru nýtt við myndatökur loftmynda, ásamt flóknari greiningum sem ekki verður gerð skil á hér. Vænta má að þessi tækni taki örum framförum og verði mun útbreiddari innan skógar- og landbúnaðargeirans eftir áratug. Því er mikilvægt að veita henni brautargengi og liður í því er að kynna sér þá tækni sem þegar er og nýta með aðstoð sérfræðinga í faginu. Áhugi meðal sérfræðinga sem og almennta skógarbændur er mikill enda ekki að undra. Eigandi Svarma fékkst til að vinna með LSE að kynningu fyrir skógarbændur á Aðalfundi LSE sem vakti mikla lukku. Einnig fór fram kynning í formi fyrirlestrar á Landbúnaðarsýningu sem haldin var í október í Laugardalshöll.

## Landbúnaðarsýningin

LSE tók þátt í Landbúnaðarsýningu til að kynna starf sitt fyrir bændum og öðrum landsmönnum.

Á 118. Stjórnarfundum LSE, þann 12. febrúar 2018, var ákveðið að vera með kynningu á starfsemi LSE á Landbúnaðarsýningu í 12.-14. október. Bás LSE var 18 fermetrar að flatarmáli (3m x 6m) og var staðsettur við enda sýningargangs svo aðgengi að básnum var opið frá þremur hliðum. Fjórða hliðin var veggur, smíðaður úr ýmsum afurðum úr skóginum svo sem panil, skífum og fjöllum. Í boði var furu-nála-te og gestir fengu að lykta af ilmólum og bragða á hunangi. Útskornir munir og annað handverk var til sýnis. Myndbönd voru sýnd á stórum skjá þar sem gestir gátu fylgst með alls kyns starfsemi í og úr skóginum. Lófabæklingur var í boði fyrir gesti á sýninguna sem fjallaði um skógrækt með búskap. Kostnaðurinn við básinn fólst í leigu á svæðinu auk þjónustu frá sýningahöldurum, lýsingu á básnum, rafmagni, skiltagerð, flutningi og nokkra vikna undirbúningi.

## Lófabæklingurinn „Skógrækt með búskap“

Fyrir Landbúnaðarsýningu var gefinn út lítil bæklingur sem fjallaði um ávinning af skógrækt með hefðbundnum búskap ásamt ýmsu öðru.

Tilgangur bæklingins var að útskýra myndrænt og í fáum orðum ávinning af skógrækt með búskap. Frá fyrsta degi var lagt upp með að bæklingurinn yrði tilbúinn fyrir Landbúnaðarsýninguna svo hægt væri að koma honum á framfæri til bændur og almennings. Bæklingurinn myndi áfram nýtast við ýmis tækifæri. Fyrsta uppkast af bæklingum var gert af framkvæmdastjóra á degi verkalýðsins, 1. maí. Uppkastið var kynnt fyrir stjórn LSE og mæltist vel fyrir. Fólk úr ýmsum áttum veittu bæklingnum umsögn. Bæði fólk í húsakynnum Bændasamtaka Íslands, í Bændahöllinni, sem og skógræktarstjóri og starfsfólk innan Skógræktarinnar. Að öðru leiti sá framkvæmdastjóri um útgáfuna. Leitað var til

Skógræktarinnar og Bændasamtaka Íslands með fjármögnun prentunar á 5000 eintökum, en það var það upplag sem lagt var af stað með og var því vel tekið. Heildarprentun varð 7500 eintök og tók LSE á sig kostnaðinn á því sem umfram var.

## Gróðureldar, forvarnir og viðbrögð

Gefinn var út bæklingur og opnuð heimasíða vegna eldvarna í gróðri.

Verkefnið er samstarfsverkefni sex aðila: Skógræktin, Landssamband sumarhúsaeigenda, Mannvirkjastofnun, Brunavarna Árnescýrslu, Verkís og LSE. Ætlunin var að gerð yrði viðbragðsáætlun vegna gróðurelda til að samhæfa verk og störf landeigenda, slökkviliða og annarra hagsmunaaðila um land allt. Segja má að stórum áfanga verkefnisins sé nú lokið. Gefinn var út bæklingurinn, "Gróðureldar, forvarnir og viðbrögð" ásamt heimasíðunni [grodueldar.is](http://grodueldar.is). Í framhaldinu mun vera skipuð þriggja manna hópur sem fylgir málinu eftir. LSE styrki verkefnið um 250.000 kr og fékk 1200 bæklinga.

## Aðalfundur LSE

Aðalfundur LSE var á Hotel Stracta á Hellu í byrjun október. Venju samkvæmt fór þar fram aðalfundur, málþing og ársrátið LSE.

Aðalfundurinn var með hefðbundnu sniði þetta árið. Milli 70- 80 manns mættu á aðalfundinn og voru erindi frá stjórn LSE og gestum, auk venjubundinna starfa. Undirbúningur var mest á herðum framkvæmdastjóra, formanns LSE og formanns FsS. Huga þurfti að skráningu gesta á fundinn og gistingu. Gera þurfti dagskrá fyrir aðalfundinn með öllu tilheyrandi. Fundurinn gekk vel og voru gestir virkir við nefndarstörf.

Málþingið snerist mikið um boðaða aukningu frámagns frá ríkinu í skógrækt á Íslandi. Skógræktin fjallaði ýtarlega um þau mál. Þrír aðrir fyrirlesarar tóku til máls: Eigandi fyrirtækisins Svarma ehf. fjallaði um kortlagningartækni með drónum sem nýtast mun skógrækt í framtíðinni, forsvarsmáður fyrirhugaðrar afurðastöðvar á Suðurlandi sagði frá stöðu mála og nýr skógarbóndi sagði frá tilbrigðamiklu ferli sínu við að gera skógræktarsamning við Skógræktina og fjallaði um lausnir sem myndu nýtast öðrum í sömu sporum.

Ársrátiðin var á herðum Félags skógareigenda á Suðurlandi (FSS) og byrjaði með rútuferð og göngutúr um skóglendi í Rangárþingi ytra og lauk með kvöldverði og skemmtiatriðum á Hótel Stracta. Fjöldi þátttakenda var áþekkur og á aðalfundinum.

## Starf með aðildarfélögunum

Mikilvægt er að vera í tengslum við félagsmenn. Framkvæmdastjóri og/eða formaður fóru á aðalfundi aðildarfélaganna fimm.

Aðalfundir aðildarfélaganna eru venjulega haldnir á vorin eða snemmsumars. Framkvæmdastjóri og formaður LSE vilja vera í góðum tengslum við trjárótina í samtökunum og getað svarað spurningum þá og þegar þær koma. Sá vettvangur sem aðalfundir aðildarfélaganna eru tilvalinn til að segja frá störfum líðandi stundar sem og öllu því sem er fyrirhugað. Einnig að hvetja félögin til dáða í þeirra störfum.

## Styrkir til vöruhönnunar

Viður úr íslenskum skógum kemur að mörgu gagni. Tenging við listamenn og vöruhönnuði er liður í því að ýta undir áhuga á skógarauðlindinni. Aðildarfélögin ásamt LSE eru virk í að efla allt það starf sem getur nýst íslenskri skógrækt.

Á árinu styrkti LSE vöruhönnuðinn Björn Steinar Blumeinstein við verkefni sem snéri að vöruhönnun úr íslenskum viði. Hann fékk kolleka sína víðsvegar um heiminn til að koma með hugmynd að vöru sem hann útfærði svo sjálfur. Vörunar sýndi hann á Hönnunarmars og var auk þess með fyrirlestur þar sem hann fjallaði meðal annars um íslenskan við. Hann var fyrstur á mælendaskrá. Í kjölfarið stendur nú yfir hjá honum kortlagning á landsvísu um hverjir eru líklegastir til samstarfs. Hann hefur gefið út að hann muni koma með vörulínu, eða því sem næst, á Hönnunarmars 2019. Björn Steinar hefur verið í

tengslum við framkvæmdastjóra LSE og Björn B. Jónsson í gegnum teymisvinnu sem hefur nafnið „Skógarfang“.

## Skógarfang

Teymishópur, sem fékk nafnið „Skógarfang“, vinnur að uppbyggingu markaðs- og afurðamála undir forystu LSE. Hann var settur á laggirnar í 2017 og er stefnt er á að hópurinn skili af sér lokaskýrslu á árinu 2020.

Í hópnum eru þrír fulltrúar frá LSE og þrír fulltrúar frá Skógræktinni. Hópurinn hélt fimm fundi á árinu og einn þeirra var auk þess vettvangsferð á Suðurlandi. Ýmis krefjandi verkefni eru í vinnslu hjá teyminu sem snúa að úrvinnslu, umhirðu skóga, jólatrjáarækt og markaðsmálum. Verið er að leggja drög að kennslu í framleiðslu og meðhöndlun á úrvalstimbri. Það verkefni eitt og sér er það stórt að skipaður var sérstakur hópur utan um það. Vinnuheitið er „Gæðafjalir“.

## Jólatré

LSE hefur allar götur frá fyrstu stigum lagt áherslu á markaðssetningu og ræktun jólatrjáa. Þessi vinna hefur skilað árangri en markmiðið er að ná stöðugri markaðshlutdeild á jólatrjáa-markaðnum og minnka innflutning á jólatrjám.

Skógarbændur eru orðnir meðvitaðir um ávinning af jólatrjáarækt. Til þessa hafa flest tré frá skógarbændum verið tré innan úr hefðbundnum nytjaskógum þeirra. Vinna við að finna þau tré er oft tímafrek og snúið getur verið að koma þeim úr skógunum. Af hlutfalli af skóginum eru fá tré höggvin og því mætir þetta vart þeirri grisjunarþörf sem gjarnan eru í skógum á „jólatrjáaaldri“. Undanfarin ár hafa sumir skógarbændur, sem aðrir, lagt á sig að rækta jólatrjáakra en sú aðferð tíðkast víða erlendis. LSE er í samstarfi við Skógræktina með þá ræktun. Ræktun jólatrjáa er ekki einungis hagsmunamál fyrir skógarbændur og neytendur heldur er það öryggismál við áfyrirséðum plágum sem gæti herjað á íslenska skóga og gróður. Með hverju innfluttu tré eykst hættan á hverskonar vá.

## Gæðafjalir

Stefnt er á gerð staðla á íslensku timbri og kennsluefnis fyrir skógarbændur og smiði.

Verkefnið hefur verið nefnt „Gæðafjalir“ og er samstarfsverkefni Landbúnaðaháskóla Íslands, Skógræktarinnar, Skógræktarfélags Reykjavíkur, LSE og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, sem stýrir verkefninu. Segja má að um tvö verkefni sé að ræða. Annars vegar er ætlunin er að vinna námskrá fyrir skógarbændur, starfsmenn í sögunarmillum og smiði og hins vegar er unnið að gerð staðla fyrir íslenskt timbur. Fyrirmyndin að hvoru tveggja er í löndunum í kring og til þessa hefur verið horft til Svíþjóðar. Hópurinn fór á fund sendiherra Svíþjóðar og hefur hann fullan hug á að styðja við verkefni sem þetta en hann veit vel að Norðurlandþjóðirnar standa framarlega í skógrækt og nefndi þá sér í lagi Svíþjóð og nágranna í Finnlandi.

## Finnlandsferð

Tæki eru framleidd í Finnlandi sem nýtast bæði skógarbændum á Íslandi sem og öðrum bændum í hefðbundnum búskap. Jötunn-vélar stóðu fyrir ferð til Finnlands og tveir fulltrúar LSE fóru með.

Finnbogi Magnússon, hjá Jötunn-vélum, skipulagði ferð til Finnlands fyrir skógarbændur og tengdar greinar. Finnskur leiðsögumaður var með í för allan tímann en íslenskir þátttakendur í ferðinni voru alls 22 og þar á meðal formaður og framkvæmdastjóri LSE. Skoðaðar voru VALTRA dráttarvéla-verksmiðjurnar og KESLA krana og högghausaverksmiðjurnar. Auk þess voru heimsóknir hjá bændum sem notuðu kranana við ýmis störf á jörðum sínum. Hlustað var á fyrirlestra frá Finnsku skógarþjónustunni um framtíð í kortlagningu, með drónum meðal annars, og umhirðu í ungskógum. Framkvæmdastjóri LSE vann fimm stutt myndbönd úr ferðinni og er hægt að nálgast þau undir myndbönd á heimasíðunni skogarbondi.is.

## Tengsl við Evrópu

Flest lönd í Evrópu hafa afkomu af skógrækt og eru til samtök sem gæta hagsmuna þeirra. LSE mun vinna meira og meira með þeim samtökum þegar fram í sækni.

Framkvæmdastjóri LSE gerði sér ferð til Brussel um miðjan maí á fund með tveimur starfsmönnum, skrifstofustjóra og ráðgjafa, Evrópusamtaka skógareigenda, The Confederation of European Forest Owners (CEFO) snemma í sumar. Á fundinum voru mynduð góð tengsl og hefur framkvæmdastjóri leitað til þeirra aftur eftir það sem skilaði góðum árangri.

Einnig hefur framkvæmdastjóri myndað tengsl við Samtök skógareigenda á Norðurlöndum, Nordens Skogsägarorganisation (NSF). Honum var boðið á aðalfund/ráðsfund samtakanna í september en vegna anna náðist ekki að koma því við í dagskrá. Honum hefur verið boðið að mæta á næsta aðalfund að ári sem haldinn verður í Svíþjóð.

## Myndbönd

Mikilvægt er að skógarbændur sem og aðrir áhugasamir séu upplýstir um það sem er að gerast í geiranum. Liður í því að auka þekkingu og byggja tengsl milli manna er að hafa í boði kynningarefni s.s myndbönd.

Framkvæmdastjóri LSE er í hlutastarfi hjá Skógarækinni sem kynningarfulltrúi. Hans helstu verk eru að gera myndbönd til skógargeiranum til hagsbóta. Þessi myndbönd nýtast allt í senn sérfræðingum í skógrækt, skógarbændum, kunnáttumönnum og öllum áhugasömum. Á heimasíðu LSE, skogarbondi.is, er að finna öll þau framangreind myndbönd sem og fleiri myndbönd, íslensk sem erlend, sem tengjast skógrækt á einhvern hátt.

## Heimasíðan, skogarbondi.is

Heimasíða LSE er virkari en áður og hefur mikil vinna verið lögð í að laga hana og uppfæra.

Framkvæmdastjóri hefur varið drjúgum tíma í að bæta heimasíðu samtakanna. Þessi vinna mun líklega ekki taka enda, enda er ætlunin að hún sé lífleg og uppfærð ört af upplýsingum sem skipta skógarbændur máli. Fréttir, myndbönd, fundargerðir, fólkið og margt fleira.

## Kannanir

Lagðar voru fram þrjár ólíkar kannanir til skógarbænda á árinu. Þessi samskiptamáti hefur ýmsa kosti í för með sér og miðað við viðbrögð svarenda er líklegt að henni verði haldið áfram.

Fyrsta könnunin hét „tölugögn 2017“ og snéri að vinnu skógarbænda og afurðum frá þeim. Könnunin var unnin í samvinnu við Skógræktina og Skógræktarfélag Íslands. Könnunin stóð yfir í tvo mánuði að sumarlagi, júlí og ágúst. Þátttaka var dræm enda fyrsta sinnæf sem þetta er reynt, spurningar snéru að svo til gleymdu efni, spurt var á annatíma bænda og fleira í þeim dúr. Sendir voru 500 tölvupóstar með forritinu Google-form og fengust 60 svör. Stefnt er á að spyrja aftur samskonar könnun árlega en bæta þarf könnunina til muna.

Næsta könnun hét „Bragabót“ og gekk hún aðallega út á að tengja skógarbændur við starf LSE. Þátttaka var mun betri en sú fyrri enda mál sem skógarbændur tengja frekar við. Um 500 tölvupóstar voru sendir og fengust 100 svör. Könnunin gekk í septembermánuði. Ólíklegt er að þessi könnun verði lögð fram aftur í bráð. Niðurstöður voru góðar.

Síðas könnunin hét „Þokkabót“ og var líklega eina könnunin með hefðbundnu spurningasniði. Spurningarnar snéru að skógarbændum með mis beinum hætti. T.d. afstöðu til Skógræktarinnar, LSE, kolefnismála, aukinnar gróðursetningar, kennslu fyrir skógarbændur, upplýsingagjafir og fleira í þeim dúr. Líkt og fyrri könnunin var þessi opin í septembermánuði, var send á 500 netföng og 100 svöruðu könnuninni. Niðurstöður gáfu ágæta mynd af fjölda mála sem eru í deiglu.

## Námskeið

LSE kom að þremur námskeiðum á árinu. Umhirðunámskeiði, Viðburðastjórnun og ferðaþjónustunámskeiði og Grænni skógar 1.

Það sem af er ári 2018 hefur eitt námskeið verið haldið í umhirðu ungskóga og var það af frumkvæði Félags skógarbænda á Vesturlandi (FSV). Kennt var á Hvanneyri og var námskeiðið yfir einn Laugardag. Annað námsekið var haldið á Reykjum við Hveragerði í Viðburðastjórnun og ferðaþjónustu. Reynt var að halda samkonar námsekið í Kjarnaskógi í Eyjafirði en þátttaka var ekki næg. Síðast en ekki síst hófst námskeiðsrúnan Grænni skógar 1 en það er mikilvægur grunnur fyrir nýja skógarbændur. LSE kom með einum eða öðrum hætti að öllum þessum námskeiðum.

## Fræðsla og greinaskrif

Framkvæmdastjóri hefur setið stutt námskeið vegna vinnu sinnar ýmist tengt tölvunotkun eða fagi. Einnig eru skrifaðar faggreinar í ýmsa fjölmiðla eða til fagaðila. Flestar þessara greina eru aðgengilegar á heimasíðu LSE.

Þau námsekið sem framkvæmdastjóri hefur setið eru stutt og fer oftast fram í tölvu. Hann hefur aðgang að kennsluumhverfinu Lynda.com og þar eru fjölbreytt og hagnýt námskeið svo sem stjórnun, tölvuforrit og skipulag. Einnig hefur hann setið námsekið og styttri námsekið tengd faginu.

Greinar eru aðgengilegar á heimasíðu LSE. Það er mest í forma fréttu af hinu og þessu en einnig í formi fyrirlestra, greina í Bændablaðið eða álíka.

## Fundir og hagsmunagæsla

Í mörg horn er að líta þegar kemur að fundahöldum. Hér á undan hafa verið taldir upp fjöldi funda en auk þeirra ber að nefna fundi sem snúast um hagsmuni skógarbænda.

Á árinu voru haldnir 6 stjórnarfundir og fóru þeir fram í Bændahöllinni, þar sem framkvæmdastjóri hefur skrifstofu.

Formaður LSE sótti Búnaðarþing í mars þar sem þingið skilaði tillögu sem bar nafnið „skógrækt til framtíðar“. Tillögunni var fylgt eftir á fundum í Umhverfis- og auðlindaráðuneyti og eining með Landbúnaðaráðherra.

Framkvæmdastjóri LSE ásamt formanni Skógræktarfélag Íslands og tveimur sviðstjórum Skógræktarinnar fóru á funi með þingnefndum og ráðum varþandi fjórföldun skógræktar.

Á Alþjóðadegi skóga, 21. mars, var þingmönnum boðið í súpu í hádeginu þar sem formaður LSE færði umhverfisráðherra gróðursetningarverkfæri að gjöf.

Fagráðstefna skógræktar var unnin í samvinnu við Skógræktina, Landbúnaðarháskóla Íslands, Skógræktarfélag Íslands og LSE. Ráðstefnan er alla jafna í tvo daga og dró fyrri dagurinn dóm af kynbótum og uppbyggjandi samstarfi við NordGen en síðari dagurinn var hlaðinn fyrirlestrum úr ýmsum áttu. Þar var m.a. fjalla um hagaskógrækt, þéttleikamælingar í skógum, mýrvið (jákvæða rannsókn um asparrækt í framræstri mýri) og lifun á greni.

Bændasamtök Íslands vinna gott starf í samvinnu við LSE og hafa formaður og framkvæmdastjóri mætt á fundi þess lútandi.

## Kostnaður

Um síðustu áramót fékk LSE fyrstu greiðslu framlags úr ríkissjóði. Þetta fjármagn gerði okkur kleift að ráðast með markvissum hætti í þá viðamiklu vinnu sem útlistað var hér að framan. Eins og áður kom fram eru fjöldi verkefna og umfang mis mikið en hér á eftir verður gerð skil á kostnaði við hvert verkefni.

Greining á kostnaði verkefna.

Afurðastöðvar	2,000,000 ISK
Viðarmagnsúttekt	100,000 ISK
Drónar til skógmælinga	400,000 ISK
Landbúnaðarsýning	1,000,000 ISK
Lófabæklingur	900,000 ISK
Gróðureldabæklingur	300,000 ISK
Aðalfundur LSE	600,000 ISK
Starf með aðildarfélögunum	800,000 ISK
Vöruhönnun	200,000 ISK
Skógarfang	800,000 ISK
Jólatré	300,000 ISK
Gæðafjalir	300,000 ISK
Erlend samskipti	400,000 ISK
Myndbönd og kynningarefni	700,000 ISK
Heimasíða	2,000,000 ISK
Kannanir	1,000,000 ISK
Fræðsla og greinaskrif	700,000 ISK
Akstur og fundarkostnaður	500,000 ISK
Sérfræðikostnaður	1,000,000 ISK
Skrifstofukostnaður	1,000,000 ISK
	15,000,000 ISK

Með kærri þökk fyrir veittan stuðning  
Hlynur Gauti Sigurðsson  
framkvæmdastjóri LSE  
[hlynur@skogarbondi.is](mailto:hlynur@skogarbondi.is)